

2. gr.

2. og 3. mgr. 4. greinar reglugerðarinnar falli niður.

7

2. febr.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 2. febrúar 1944.***Björn Ólafsson.***Torfi Jóhannsson.***AUGLÝSING**

8

2. febr.

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. okt. 1940, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða hafnarstaði til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

Á tímabilinu frá 2. febrúar til 31. maí þ. á., að báðum dögum meðtöldum, geta íslensk og færeysk skip, sem flytja frystan eða ísvarinn fisk til Bretlands, fengið fyrstu og síðustu afgreiðslu í Hornafirði.

Skipin mega enga farþega flytja.

Þessi undanþága gildir þar til öðruvísi verður ákveðið.

Fjármálaráðuneytið, 2. febrúar 1944.

F. h. r.

Magnús Gíslason.*Einar Bjarnason.*

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Markúsar Ívarssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. febrúar 1944. 9. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Markúsar Ívarssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Markúsar Ívarssonar, og er stofnaður af vinum hans með frjálsum samskotum, samkvæmt stofnskjali.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 20000.00 og skal ávaxta sjóðinn á þann hátt, sem stjórn hans telur fulltryggilegan.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja myndlistarmenn með kaupum á málverkum, sem afhendast síðan málverkasafni ríkisins, í sérstaka deild, er beri nafn Markúsar

9 Ívarssonar. Stjórn sjóðsins gengur að öðru leyti frá samningum við þessa ríkis-
9. febr. stofnun, um nánari tilhögun deildarinnar og val mynda.

4. gr.

Myndakaup skal hefja, þegar stjórn sjóðsins telur það tímabært, og skulu þau gerð á þann hátt, er stjórnin telur tryggilegastan frá listrænu sjónarmiði.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, né heldur nota meir en $\frac{4}{5}$ hluta af vöxtum hans. Hinn hluti vaxtanna, svo og aðrar tekjur, skulu lagðar við höfuðstólinn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum og tilnefnið Menntamálaráð einn mann, Félag íslenzkra myndlistarmanna annan og Vélsmiðjan Héðinn hinn þriðja, og skal stjórn skipuð til þriggja ára frá 1. marz að telja. Falli tilnefning niður af hálfu einhvers hinna þriggja aðila, skipar menntamálaráðherra mann í staðinn, án tilnefningar.

Fyrsta stjórnin skal kosin á stofnfundi 10. febrúar 1944, og starfar hún til 1. marz 1947.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa í hana skipulagsskrána, samþykktir og skýrslur um málverkakaup og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert, skal stjórnin hafa samið reikning hans fyrir síðastliðið ár, og skal reikningurinn síðan endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, er sjóðstjórnin velur. Reikninga skal birta í Lögbirtingablaðinu.

9. gr.

Sjóðurinn veitir gjöfum og áheitum viðtöku.

10. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa nú þegar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari og óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

10

REGLUGERÐ

12. febr.

um breyting á reglugerð nr. 132 28. des. 1936, um próf fyrir bifreiðarstjóra.

1. gr.

12. gr. 2, d-liður, orðist þannig:

Nemandi hafi óflekkað mannorð og leggi fram vottorð sakadómarans í Reykjavík um, að hann hafi ekki á undanfórnum 12 mánuðum verið sviptur ökuskírteini, né gerzt brotlegur við ákvæði um neyzlu eða meðferð áfengra drykkja.